Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

# Leikskólinn Jörfi

# 2024 – 2025



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

1 Leiðarljós leikskólans ..... 4

2 Greinargerð leikskólastjóra ..... 4

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025 ..... 5

3.1 Innra mat Holt ..... 7

3.2 Innra mat Laut ..... 8

3.3 Innra mat Lundur ..... 10

3.4 Innra mat Hlíð ..... 14

3.5 Innra mat Sel ..... 19

4 Innra mat sérkennslu ..... 21

5 Innra mat – fjöltyngd börn ..... 22

6 Skapandi starf í Jörfa ..... 24

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ..... 27

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... 27

9 Foreldrasamvinna ..... 27

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ..... 28

11 Fylgigögn ..... 29

11.1 Leikskóladagatal 2024-2025 ..... 29

11.2 Starfsáætlun 2024 – 2025 ..... 30

11.3 Umsögn foreldraráðs ..... 30

11.4 Um starfsáætlanir leikskóla ..... 31

# 1 Leiðarljós leikskólans

*Umburðarlyndi* – kennir okkur að sýna öðrum skilning, setja okkur í spor annarra, koma vel fram við aðra og sýna öðrum þolinmæði.

*Kærleikur* – kennir okkur að sýna öðrum góðvild, að finna til með öðrum, einlægni, vinskapur.

*Virðing* – kennir okkur samskipti á jafnréttisgrundvelli, bera virðingu fyrir öðrum og sýna öðrum virðingu.

# 2 Greinargerð leikskólastjóra

Nú hef ég verið tæp fjögur ár í Jörfa og það sem mér finnst alltaf skína í gegn hér í skólanum er bjartsýni og jákvætt starfsfólk sem leysa málin saman. Við höfum verið heppin með gott starfsfólk og höfum getað haldið úti miklu og góðu starfi. Við höfum verið með fjörugar Læsisvikur, góða fræðslu á skipulagsdögum, konudagkaffi og bóndakaffi, afa og ömmu kaffi, opið hús og svo auðvitað útskrift okkar kæru meistara og fleiri skemmtilega og gefandi viðburði. Barnamenningarhátíðin í Hörpu tókst alveg sérstaklega vel en 27 börn í elsta árganginum tóku þátt með söng í Eldborg og gerðu það með meistarabrag í samstarfi við Tónlistarskóla Sigursveins, ásamt 400 öðrum börnum. Að mínu mati er mjög gott samstarf við bæði foreldrafélag, foreldraráð og alla foreldra. Við kveðjum svo í sumar 27 meistara sem eru á leiðinni í skóla og tökum á móti 27 nýjum börnum. Hér pössum við vel upp á viðhald í skólanum og í sumar verða allar deildar málaðar og eins ætlum við að taka listasmiðjuna í notkun fyrir elstu deildina en það verður óvenju fjölmenn deild næsta vetur. Svo áherslan hjá okkur er að vera alltaf tilbúin í breytingar til að mæta breyttum aðstæðum.

Ágústa Hjaltadóttir

# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun | | | | | | | |
| Stjórnun | Upplýsingaflæði hefur batnað til muna en alltaf má gera betur. Árgangur elstu barnanna verður óvenju fjölmennur og þarf því að bæta aðstöðu bæði barna og starfsfólks. | Breyta og aðlaga Listasmiðju sem skólastofu fyrir elstu börnin. Kaupum húsgögn, látum mála, nýjar gardínur ofl. Sem við þurfum að gera svo hún henti fyrir þau. | Leikskólastjóri ásamt deildastjórum. | Haust 2024 | Vor 2025 | Fylgst með þróun aðstöðunnar og líðan barnanna. | Börnin fái betri aðstöðu í leikskólanum. |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | |
| Uppeldis- og menntastarf | | | | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði John Deweys. | Hugmyndafræðin er skilgreind og vel fjallað um hana í endurbættri skólanámsskrá sem má sjá inn á heimasíðu leikskólans. | Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri | Haust 2024 | Vor 2025 | Daglegt starf er í þróun. Vikulegir deildarstjórafundir og reglulegir deildarfundir. Einnig Skipulagsdagar nýttir til að fara yfir starfið. | Metið út frá Verkum barnanna í tengslum við hugmyndafræði John Deweys. |
| | | | | | | | |
| Mannauður/ Leikskólabragur | | | | | | | |
| | Nýta mannauðinn betur, starfa sem ein heild, hvetja til samvinnu sem bætir leikskólabraginn. | Starfsfólk fái að nýta hæfileika sína, vera opin fyrir breytingum, sækja námskeið og bjóða upp á sveigjanleika þegar þess þarf. | Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri. | Haust 2024 | Vor 2025 | Með góðri samvinnu, viðtöl við starfsfólk, gott aðgengi að leikskóla-og aðstoðarleikskólastjóra. | Leikskólabragur verði góður, skemmtilegur, traust starfsfólks sín á milli. |

## 3.1 Innra mat Holt

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Skapandi starf | Efla skapandi starf á deild. Ýta undir áhuga barnanna að nýta opin efnivið við skapandi tjáningu. Að börnin njóti marskonar reynslu sem örvar skapandi tjáningu. | Gera opin efnivið aðgengilegan. Einnig ýta undir frjálsa sköpun án stýringa. Vera dugleg að safna efnivið, t.d. sem börnin finna í náttúrinni. | Deildarstjóri og hópstjóri | Haust 2024 | Vor 2025 | Á deildarfundum og ferilmöppum. | Að börnin sýni frumkvæð ií skapandi tjáningu. Að eftir börnin liggi verkefni sem þau hafa ákveðið sjálf. |
| Læsi | Efla málskilning,orðaforða og máltjáningu. Þjálfa hlustun, einbeitningu, tjáningu og hljóðkerfisvitund. Fá öll börn til að taka þátt og tjá sig. | Skipta börnunum í minni hópa. Kenna börnunum ný lög með mismunandi textum. Lesa bækur eftir þema og þeirra áhugasviði. | Allir starfsmenn deildarinnar | Haust 2024 | Vor 2025 | Fylgjast með orðforða barnanna. | Aukning orðaforða barnanna. |

## 3.2 Innra mat Laut

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Læsi | Að auka málskilning, tjáningu og orðaforða. Þjálfa hlustun, hljóðkerfisvitund og einbeitingu. | Hafa fjölbreyttar samverustundir yfir daginn. Skipta börnunum upp í hópa í samverustundum, þá í lestrarstundum, Lubbastundum og málörvunarstundum. Kenna börnunum einfaldar vísur og rím. Einnig að kenna þeim málhljóðin. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2024 | Metið með skráningum frá deildarstjóra og á deildarfundum | Áhugi og virkni barnanna eykst í samverustundum. Börnin verða örugg í samskiptum og orðaforði og málskilningur hefur aukist. Að börnin hafi gagn og gaman af þeim stundum þar sem verið er að vinna með læsi. |
| Skapandi starf | Efla skapandi starf, gefa börnunum tækifæri á því að geta valið að leika sér með opinn efnivið. | Hafa opin efnivið meira aðgengilegan fyrir börnin og vera dugleg í að finna verkefni þar sem hægt er að nota opinn efnivið. Hafa skapandi starf í hverri viku þar sem öll börn fá að taka þátt. | Deildarstjóri og starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Gögnum safnað bæði í ferilmöppur og teknar myndir af afurðum og skapandi leik barnanna. | Þegar börnin sækjast meira í skapandi starf en áður og áhugi og frumkvæði eykst á skapandi starfi. |
| Vinátta | Halda áfram að flétta vináttuverkefni Barnaheilla inn í daglegt starf, meðal annars hringekkju og samverur. Að | Hafa vináttustund í hverri viku og hafa þær fjölbreyttar með því að finna hugmyndir af verkefnum sem hægt er að nota. Hafa | Deildarstjóri, hópstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum | Að börnin læri að sýna hvort öðru virðingu og góða vináttu. Einnig að fá börnin til að taka þátt í umræðum í |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | börnin læri um vináttu og um mismunandi tilfinningar. Hafa Blæ bangsa sýnilega og aðgengilega börnunum. | vináttumyndir sýnilegri inni á deild. | | | | | vináttustundum |
| Hreyfing | Hafa skipulagða hreyfistund einu sinni í viku. Halda utan um getu í grófhreyfingum barnanna með skráningarkerfi | Hafa fjölbreyttar hreyfistundir og vera með skráningu fyrir hreyfingu. Vera dugleg að fara í göngutúra þegar veður leyfir. | Deildarstjóri, hópstjóri hreyfistunda og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Fylgjast betur með þróun á grófhreyfingum barnanna með skráningakerfi | Börnin sækjast í hreyfingu bæði úti og inni og hafa gaman að. |
| Lýðræði | Að börnin séu virkir þátttakendur í að móta starfið og hafa tækifæri til að hafa áhrif á það. | Virða skoðanir barnanna og gefa þeim tækifæri á því að hafa áhrif á starfið, með t.d. lýðræðislegum kosningum, hvað eigi að gera í samveru, stöðvavinnu, vettvangsferðum og þess háttar. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum og deildarstjórafundum | Að börnin sjái að þau geti haft áhrif á starfið og eru virkir þátttakendur í starfinu. Starfsfólk sýna því áhuga það sem börnin vilja gera og læra |

## 3.3 Innra mat Lundur

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Skapandi starf | Að börnin njóti margskonar reynslu sem örvar skapandi tjáningu þeirra, nýtir meðfædda forvitni, athafnaþrá og hugmyndaflug. Einnig gera opinn efnivið aðgengilegan og ýta undir áhuga barnanna að nýta opinn efnivið við skapandi tjáningu. | Nýta vettvangsferðir í að safna efnivið úr náttúrunni. Einnig ýta undir frjálsa sköpun án stýringar starfsmanna. Auka tækifæri barnanna til þess að sýna frumkvæði, njóta og uppgötva nýja hluti og umhverfi sitt. | Deildarstjóri, Hópstjóri og aðrir starfsmenn. | Haust 2024 | Vor 2025 | Á deildarfundum ásamt ferilmöppum | Að börnin sýni frumkvæði og þor í skapandi tjáningu og verði örugg með sína tjáningu. Að öll tjáning sé litin jöfnum augum af börnum og starfsmönnum. Að afrakstur sé ekki meira virði en framkvæmd og upplifun. |
| Læsi | Að auka orðaforða, málskilning og máltjáningu. Að börnin séu virkir þátttakendur í starfinu. Hvetja börnin til þess að tjá sig og verða öruggari í samskiptum. Börnin læra fjölbreytt læsi, s.s tilfinningalæsi, umhverfislæsi. Börni fá svigrúm til að endurskapa | Með þrískiptum lestrarstundum, Lubbastundum, söngstundum, samverustundum og málörvunarstundum. nýtum okkur áhugasvið hvers og eins til að spjalla og leggja inn .Einnig læra | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn. | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið með skráningum frá deildarstjóra, TRAS, og á deildarfundum | Að börnin verða örugg í samskiptum, geti nýtt sér íslensku í tjáningu og haft gagn og gaman af þeim stundum sem stuðla að auknu læsi. Að öll börn séu virkir þátttakendur í starfinu. Að börn séu fær um að halda |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | upplifanir í gegnum leik og sköpun. | þulur og flóknari vísur. Kenna börnunum rím og málhljóðin. Við leggjum orð á allar athafnir, tilfinningar og gjörðir. Við eigum í góðum samskiptum í umgengni og samræðum. | | | | | uppi samtali með góðri Íslensku sem og að geta lesið í líkamstjáningu og umhverfi. Börnin geti verið örugg í sínu umhverfi og geta komið sínum sjónarmiðum og skoðunum á framfæri. |
| Lýðræði | Að börnin séu virkir þátttakendur í að móta starfið og hafa tækifæri til að hafa áhrif. Börnin fá tækifæri til að ákveða úrvinnslu/framkvæmd vekefna sjálf með aðstoð kennara. | Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barnana og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu starfsins. Börni eiga að geta verið þátttakendur í ákvörðunum sem varða starf þeirra. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn. | Haust 2024 | Vor 2025 | Með viðtölum við börnin og skráningu. | Að börnin upplifi að þau séu þátttakendur í skipulagningu starfsins á deildinni. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Útinám | Að börnin kynnist fjölbreytninni í íslenskri náttúru, veðurfari og kunni að njóta hennar og virða. | Í hringekju og vettvangsferðum. | Deildarstjóri, hópstjóri og aðrir starfsmenn. | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum ásamt myndum og myndböndum. | Börnin verða örugg og kunna að umgangast íslenska náttúru af virðingu. Börnin kunna að njóta sín í nattúrunni án manngerðra leiktækja. Börnin tengja klæðaburð við veður og aðstæður. |
| Fjölbreytileiki/ jafnrétti | Að allir fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og nýta hæfileika sína lausir við fordóma. Að börnin læri að virða og fagna fjölbreytileikanum. | Í samverustundum, hópastarfi og öllu starfi á deild. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn. | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum. | Að börnin sýni öðrum virðingu, umhyggju og vináttu. Að börnin séu opin fyrir fjölbreytileikanum og virði skoðanir annarra. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vinátta | Að efla börnin og ýta undir þátttöku þeirra með vináttuverkefni barnaheilla að leiðarljósi. Að börnin læri um vináttu og nýti sér verkefnið í athöfnum daglegs lífs. Börnin læra kurteisi, virðingu og framkomu. Börnin læra að virða mörk hvers og eins. Sýni hjálpsemi og kurteisi. | Í hópastarfi fara börnin í markvissar vináttustundir. Á deildinni vinnum við með vináttu að leiðarsljósi og nýtum okkur hjálpartækin. S.s. Vináttuspjöld, Vináttunudd o.fl. | Deildarstjóri, hópstjóri og aðrir starfsmenn. | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum, deildarstjórafundum og ýmisskonar skráningum. | Að börnin sýni hvert öðru áhuga og læra að taka tillit til tilfinninga annara, koma fram með virðingu og kurteisi. |

## 3.4 Innra mat Hlíð

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Skapandi starf | Að börnin njóti margskonar reynslu sem örvar skapandi tjáningu þeirra, nýtir meðfædda forvitni, athafnaþrá og hugmyndaflug. Að opinn efniviður sé nýttur í starfinu. Að börnin njóti fjölbreyttra tjáningarleiða og menningar og listar. Að börnin finni til gleði yfir eigin sköpunarkrafti. | Nýta vettvangsferðir í að safna efnivið úr náttúrunni. Einnig ýta undir frjálsa sköpun án stýringar starfsmanna. Að gefa börnunum tækifæri til að vinna verk sem byggjast á eigin frumkvæði og ýti undir skapandi lausnir. | Deildarstjóri, Hópstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Á deildarfundum og samtölum við börnin ásamt ferilmöppum. | Að börnin sýni frumkvæði í skapandi tjáningu og verði örugg með sína tjáningu. Að öll tjáning sé litin jöfnum augum af börnum og starfsmönnum. Að börnin séu óhrædd við að koma hugmyndum sínum á framfæri og þau njóti þess að tjá sig með sköpun. |
| Læsi | Að börnin fái tækifæri til að tjá sig með margvíslegum hætti. Að börnin læri | Með tví- eða þrískiptum lestrarstundum, Lubbastundum, söngstundum, | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið með skráningum frá deildarstjóra, Hljóm-2 og á deildarfundum. | Að börnin verði örugg í samskiptum, geti nýtt sér íslensku í tjáningu og haft gagn og |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og börnin læri að endurskapa upplifun sína í leik. Að auka orðaforða, málskilning og máltjáningu. Að börnin séu virknir þátttakendur í starfinu. Hvetja börnin til þess að tjá sig og verða öruggari í samskiptum. | samverustundum og málörvunarstundum. Einnig læra þulur og flóknari vísur. Kenna börnunum rím og málhljóðin. Vinna markvisst með Hljóm-2 og unnið eftir aðgerðaáætlun frá þjónustumiðstöð í tengslum við Hljóm-2. | | | | | gaman af þeim stundum sem stuðla að auknu læsi. Að öll börn séu virkir þátttakendur í starfinu og iðki fjölbreytta tjáningu. Að börnin taki tillit til mismunandi tjáningarleiða innan leikskólans. |
| Lýðræði | Að börnin séu virkir þátttakendur í að móta starfið og hafa tækifæri til að hafa áhrif. Að börnin komi með hugmyndir og kjósi | Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu starfsins. Börnin eiga að fá tækifæri til | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Með viðtölum við börnin og skráningum | Að börnunum líði eins og þau hafa eitthvað um starfið að segja og eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku. Að öllum börnum finnst rödd |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | meðal annars um útskriftarferð. Að hvert barn hafi tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum og að rödd allra heyrist. | að taka þátt í ákvörðunum sem teknar eru um starfið. | | | | | sín heyrast og að þeim finnst þau hafa áhrif. |
| Útinám | Að börnin kynnist fjölbreytninni í íslenskri náttúru og kunni að njóta hennar og virða. Að börnin njóti ögrandi og krefjandi | Í hringekju og vettvangsferðum. Að börnin fái tækifæri til þess að hafa áhrif á val um viðfangsefni í útinámi. Viljum efla útinámið og gera það | Hópstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum, ásamt myndum og myndböndum | Börnin verða örugg og kunna að umgangast íslenska náttúru af virðingu. Börnin kunna að njóta sín í náttúrunni án manngerðra leiktækja. Að börnin |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | útivistar og margvíslegrar hreyfingar. | markvissara. | | | | | hafi gagn og gaman að útinámi. |
| Fjölbreytileiki/Jafnrétti | Að allir fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og nýta hæfileika sína lausir við fordóma. Að starfið stuðli að inngildingu allra og að allir eigi hlutdeild í starfi leikskólans. | Í samverustundum, hópastarfi og inn á deild. Viljum taka fyrir kynjahlutverk og koma í veg fyrir algengar mýtur um þau. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum ásamt samtölum við börnin | Að börnin sýni öðrum virðingu, umhyggju og vináttu. Að börnin séu opin fyrir fjölbreytileikanum og virði skoðanir annarra. |
| Vinátta | Að efla börnin og ýta undir þátttöku þeirra með vináttuver | Í hópastarfi fara börnin í vináttustundir. Inn á deild er vináttuverkefnið | Hópstjóri og aðrir starfsmenn | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum og deildarstjórafundum. | Að börnin sýni öðrum áhuga og læri að taka tillit til skoðana og tilfinninga |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | kefni Barnaheilla að leiðarljósi. Að börnin læri um vináttu og nýti sér verkefnið í athöfnum daglegs lífs. Að efla trú barnanna á eigin getu og annarra og stuðla að sterkri sjálfsmynd barnanna. Að börnin læri að taka tillit til skoðana og tilfinninga sinna og annarra. | innleytt og vinátta rædd í samveru. | | | | | annarra. Að börnin komi fram við sig sjálf og aðra af virðingu og kurteisi. |

## 3.5 Innra mat Sel

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Lýðræði/ Barnasáttmálinn | Börnin verði virkir þátttakendur í skólastarfinu, hafi sín áhrif og taki þátt í að þróa það. Börnin hafi val miðað við aldur og þroska varðandi skólastarfið. Kynntar verði fyrir börnunum 2., 3., 6., og 12.gr. Barnasáttmálans | Samverustundir þar sem ýmis viðfangsefni eru tekin fyrir. Börnin fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og hlusta og virða skoðanir annarra. Starfsmenn kynni sér Barnasáttmál-ann og lýðræði í skólastofunni. | Deildarsjtóri og starfsmenn deildar | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið á deildarfundum. Samræður við börnin. | Börnin þekki sín réttindi og upplifi að þau séu virkir þátttakendur í skólastarfinu. |
| Félagsfærni/Vináttuverkefni | Efla félagsfærni með börnunum. Flétta Vináttuverkefnið inn í allt starf. | Ræða og kenna jákvæð samskipti. Vinna með gildin í Vináttuverkefninu og nota kennsluefnið. Vináttuhópar 1x í viku | Ræða og kenna jákvæð samskipti. Vinna með gildin í Vináttuverkefninu og nota kennsluefnið. Vináttuhópar 1x í viku | Haust 2024 | Vor 2025 | Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur. Styrkja þá einstaklinga sem þurfa og gæta þess að öll börn fái jákvæða. | Börnin sýni hvort öðru vinsemd og virðingu og hver og einn fái að blómstra á eigin forsendum. |
| Læsi | Auka orðaforða, þjálfa hlustun og einbeitingu og að tjá sínar skoðanir. Þjálfa hlóðkerfisvitund. | Vinna markvisst með Lubba. Gæða lesstundir (samræðulestur)í minni hópum. Veðurfræðingar | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn á deild. | Haust 2024 | Vor 2025 | Metið með Tras. Fara yfir og meta stöðu hvers barns á deilafundum. | Hafi öðlast aldursssvarandi færni skv. Tras |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Kenna börnum þulur, rím, klappa atkvæði. Heimsækja<br><br>Bókasafn<br><br>reglulega. | | | | | |
| Sköpun | Efla skapandi starf og virkja sköpunarkraft barnanna. Kennri hlusti eftir hvar áhugasvið barna liggur Einstaklingur/hópur | Hafa fjölbreyttan opinn efnivið aðgengilegan. Gefa börnum tíma og rými til sköpunar. Áhersla lögð á ferli ekki afurð. | Deildarstjóri ásamt starfsmönnum | Haust 2024 | Vor 2025 | Skráning í ferilmöppu. Taka myndir<br><br>Sýning fyrir forledrara<br><br>Sjálfsefling og trú á eigin getu Hvar stendur barnið. | Verkefni er lokið þegar barnið/börnin eru ánægð með útkomu |

## 4 Innra mat sérkennslu

Farsældarlögin hafa gert okkur sem fagmönnum einfaldara að sækja fagþjónustu utan leikskólans og hefur þjónustan reynst markvissari og aðgengilegri. Með tilkomu og aðkomu lausnateymis hafa börnin fengið skilvirkari og faglegri þjónustu þegar þess hefur verið þörf. Einnig hefur starfsfólk fengið ráðgjöf er varðar ýmis mál sem hafa komið upp.

**Mat á sérkennslu 2023-2024**

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2023-2024**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Sérkennslan var skipulögð út frá faglegu mati ráðgjafa frá Norðurmiðstöð, þroskaþjálfa og annarra starfsmanna sem sinna stuðningi. Skráning var byggð á hugmyndafræði TEACCH. Stuðst var við myndrænt skipulag |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | TRAS, EFI-2, AEPS, HLJÓM-2. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Aðkeypt námsgögn, matsgögn, spil, myndir, aðlagað námsefni. |

**Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025**

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Upplýsingaflæði | Halda reglulega deildarfundi og deildarstjórafundi. | Halda fleiri og markvissari deildafundi þar sem sérkennslustjóri situr sem ráðgjafi. | Sérkennslustjóri | Haust 2024 | Vor 2025 | Fundagerðir, eftirfylgdinn á deildum, sérkennslustjóri sé ráðgefandi fyrir allt starfsfólk. | Að allir starfsmenn séu upplýstir um stöðu mála |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skráning | Allir starfsmenn haldi markvissa skráningu ef um íhlutun er að ræða | Skráning sé aðgengileg og auðvelt sé að skrá, skráning sé fagleg og allir skrái. | Sérkennslustjóri | Haust 2024 | Vor 2025 | Reglulega farið yfir skráningar og halda vel utan um skráningar með eftirfylgd. | Að skráningar séu alltaf til staðar |
| Sérkennslufundir | Reglulegir sérkennslufundir haldnir, helst 4-8 vikna fresti. | Allir þeir sem sinna sérkennslu hittast á sérkennslufundi til að fara yfir þau börn sem eru í sérkennslu | Sérkennslustjóri | Haust 2024 | Vor 2025 | Fundagerðir | Allir sem eru hluti af sérkennsluteymi séu upplýstir um stöðu mála. |

# 5 Innra mat – fjöltyngd börn

**Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2024-2025**

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Ákveðið var að ráða verkefnisstjóra fjölmenningar sem sinnir fundum, málörvun, upplýsingagjöf til foreldra og fræðslu til starfsfólks varðandi fjölmenningu í leikskólum. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Leikskólinn vinnur með Lubbi finnur málbein þar sem farið er í reglulegar Lubbastundir, spil, lestur. Gefðu 10 er notað fyrir öll börn. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna? | Samverustundir eru nýttar til að dýpka orðaforða barnanna, farið yfir flókin orð og þau útskýrð. Þeim er skipt í minni hópa. |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? | Leikskólinn styðst við skráningar TRAS og út frá niðurstöðum er farið í frekari aðgerðir. |

| | |
|---|---|
| Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Verkefnastjóri fjölmenningar mun gera áætlun og skráningar. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Já, við teljum svo vera. |

## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| Málörvun | Málörvunarstundir | Málörvunarstundir, Gefðu 10, spila, lesa, gefa börnunum svigrúm til að svara spurningum | Deildarstjóri | Haust 2024 | Vor 2025 | Skráningar, fylgjast vel með árangri barna með eftirfylgd. | Aukinn orðaforði, framfarir í málskilningi og máltjáningu. |

# 6 Skapandi starf í Jörfa














Sjálfsmyndir




Mars
September
Desember








Sápukúlumyndir







## 7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Skipulagsdagar voru sex talsins á skólaárinu 2023-2024. Á þeim dögum fékk starfsfólk fræðslu um tengsl og tengslareikning milli barna og kennara frá hegðunarráðgjafa í Norðurmiðstöð en það var mjög áhugavert, hegðunarráðgjafi mun sinna eftirfylgd hvað það varðar með nokkrum heimsóknum til okkar í leikskólann á komandi skólaári 2024-2025.

Lögfræðingur kom með fræðslu um barnasáttmálann og og kom með hugmyndir um hvernig við getum nýtt okkur barnasáttmálann í daglegu starfi með börnunum.

Starfsfólk fékk námskeið í skyndihjálp frá Rauða krossinum og viðurkenningarskjal því til staðfestingar.

Starfsfólk fór á stafræna fræðslu á Menntastefnumóti sem haldið var föstudaginn 17. maí, sjá nánar hér að neðan.

## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Jörfi er í góðu samstarfi við Breiðagerðisskóla og heimsækir skólann í nokkur skipti eftir áramót ár hvert þar sem kennarar og skólastjóri taka á móti þeim. Börnin heimsækja bókasafn skólans, borða nesti í kennslustund, hitta kennara 1. bekkjar, fara í frímínútur, fá leiðsögn um húsakynni skólans og fá að taka þátt í tónmennt. Einnig fara börnin í heimsóknir í Sólbúa sem er frístundamiðstöð fyrir Breiðagerðisskóla og fá að taka þátt í starfinu.

## 9 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er mjög góð og hefur gengið vel en foreldraviðtöl eru haldin 2x á skólaári, að hausti til og að vori til. Foreldrakaffi er einu sinni á ári þar sem börnin í leikskólanum hafa boðið foreldrum í hafragraut í leikskólann. Opið hús er haldið að vori til þar sem ættmennum gefst kostur á að koma og skoða verk eftir börnin. Sumarhátíð er haldin í júní ár hvert en hún hefur verið sameiginleg með foreldrafélaginu síðustu ár sem hefur gefið góða raun. Útskrift meistara hefur verið í maí en ákveðið hefur verið að seinka útskrift meistara á næsta skólaári fram í júní. Deildastjórar hafa sent vikulega

föstudagspósta til foreldra þar sem farið er yfir vikuna og hvað sé framundan en það hefur verið almenn ánægja með það.

# 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagarnir voru 6 talsins og voru þeir vel nýttir í skipulagsvinnu, fræðslu og innra starf leikskólans. Við fengum fræðslu um barnavernd, fræðslu um tengsl barna og fullorðinna frá hegðunarráðgjafa í Norðurmiðstöð og barnasáttmálann. Föstudaginn 17. maí var haldið menntastefnumót en allir leik- og grunnskólar og frístundamiðstöðvar voru með starfsdag þann dag og tóku þátt. MenntaStefnumótið er uppskeruhátíð þess þróunar- og nýsköpunarstarfs sem hefur sprottið upp í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í tengslum við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur. Markmið mótsins er að skapa vettvang til að miðla því fjölbreytta þróunar- og nýsköpunarstarfi sem orðið hefur í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar og skapa samtal um menntun til framtíðar. Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Leikskóladagatal 2024-2025 er tilbúið og er samþykkt af foreldraráði. Sjá hér að neðan.

# 11 Fylgigögn

## 11.1 Leikskóladagatal 2024-2025

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 S | | 1 Þ | | 1 F | | 1 S | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur |
| 2 F | | 2 M | | 2 M | | 2 L | | 2 M | | 2 F | |
| 3 L | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | |
| 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | Foreldraviðtöl hefjast | 4 M | | 4 L | |
| 5 M | Frídagur verslunarmanna | 5 F | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | |
| 6 Þ | Jörfi opnar e sumarfrí | 6 F | | 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | Þrettándinn |
| 7 M | | 7 L | | 7 M | | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | |
| 8 F | | 8 S | Dagur læsis | 8 Þ | | 8 F | Baráttudagur gegn einelti | 8 S | | 8 M | |
| 9 F | | 9 M | | 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | Rauður dagur-Hjartavika |
| 10 L | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | |
| 11 S | | 11 M | | 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | |
| 12 M | | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | |
| 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | | 13 F | Jólaball allir | 13 M | |
| 14 M | | 14 L | | 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | |
| 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | |
| 16 F | | 16 M | Dagur ísl. náttúru | 16 M | | 16 L | Dagur íslenskrar tungu | 16 M | | 16 F | |
| 17 L | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | |
| 18 S | | 18 M | | 18 F | | 18 M | | 18 M | | 18 L | |
| 19 M | | 19 F | | 19 L | | 19 Þ | Foreldraviðtölum lokið | 19 F | | 19 S | |
| 20 Þ | | 20 F | | 20 S | | 20 M | Dagur mannréttinda barna | 20 F | | 20 M | |
| 21 M | | 21 L | | 21 M | | 21 F | | 21 L | Vetrarsólstöður | 21 Þ | |
| 22 F | Skólasetning grunnskóla | 22 S | | 22 Þ | | 22 F | Sameiginl. með Breiðó | 22 S | | 22 M | |
| 23 F | | 23 M | | 23 M | | 23 L | | 23 M | Þorláksmessa | 23 F | |
| 24 L | | 24 Þ | | 24 F | Vetrarfrí grunnskóla | 24 S | | 24 Þ | Aðfangadagur jóla | 24 F | Bóndadagur - fyrsti dagur þorra |
| 25 S | | 25 M | | 25 F | Skipulagsd. Jörfa | 25 M | | 25 M | Jóladagur | 25 L | |
| 26 M | | 26 F | Evrópski tungumáladagurin | 26 L | Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | | 26 F | Annar í jólum | 26 S | |
| 27 Þ | Skipulagsdagur Jörfa | 27 F | | 27 S | | 27 M | | 27 F | | 27 M | |
| 28 M | | 28 L | | 28 M | Vetrarfrí grunnskóla | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | |
| 29 F | | 29 S | | 29 Þ | | 29 F | | 29 S | | 29 M | |
| 30 F | | 30 M | | 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | |
| 31 L | | | | 31 F | Hrekkjavaka | | | 31 Þ | Gamlársdagur | 31 F | |

| FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 L | | 1 L | | 1 Þ | | 1 F | Verkalýðsdagurinn | 1 S | Sjómannadagurinn | 1 Þ | |
| 2 S | | 2 S | | 2 M | Dagur einhverfu | 2 F | | 2 M | | 2 M | |
| 3 M | | 3 M | Bolludagur | 3 F | | 3 L | | 3 Þ | | 3 F | |
| 4 Þ | | 4 Þ | Sprengidagur | 4 F | | 4 S | | 4 M | | 4 F | |
| 5 M | | 5 M | Öskudagur | 5 L | | 5 M | Forviðt. hefjast | 5 F | Skipulagsdagur | 5 L | |
| 6 F | Dagur leikskólans Leikskólaráðstefna | 6 F | | 6 S | | 6 Þ | | 6 F | Skipulagsdagur | 6 S | |
| 7 F | Dagur tónlistarskólans | 7 F | | 7 M | | 7 M | | 7 L | | 7 M | |
| 8 L | | 8 L | | 8 Þ | Barnamenningarhá | 8 F | | 8 S | Hvítasunnudagur | 8 Þ | |
| 9 S | | 9 S | | 9 M | Barnamenningarhátíð | 9 F | | 9 M | Annar í hvítasunnu | 9 M | |
| 10 M | | 10 M | | 10 F | Barnamenningarhá | 10 L | | 10 Þ | | 10 F | |
| 11 Þ | Dagur íslenska táknmálsins | 11 Þ | | 11 F | Barnamenningarhá | 11 S | | 11 M | | 11 F | |
| 12 M | | 12 M | | 12 L | | 12 M | | 12 F | | 12 L | |
| 13 F | | 13 F | | 13 S | Pálmasunnudagur | 13 Þ | | 13 F | Sumarhátíð og opið | 13 S | |
| 14 F | | 14 F | Dagur stærðfræðinnar | 14 M | | 14 M | | 14 L | | 14 M | |
| 15 L | | 15 L | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 Þ | |
| 16 S | | 16 S | | 16 M | | 16 F | | 16 M | | 16 M | |
| 17 M | | 17 M | | 17 F | Skírdagur | 17 L | | 17 Þ | Lýðveldisdagurinn | 17 F | |
| 18 Þ | | 18 Þ | | 18 F | Föstudagurinn langi | 18 S | | 18 M | | 18 F | |
| 19 M | | 19 M | | 19 L | | 19 M | Foreldraviðtöl lokið | 19 F | | 19 L | |
| 20 F | | 20 F | | 20 S | Páskadagur | 20 Þ | Sameiginl. m Breið | 20 F | | 20 S | |
| 21 F | | 21 F | Alþjóðadagur Downs | 21 M | Annar í Páskum | 21 M | | 21 L | | 21 M | |
| 22 L | | 22 L | | 22 Þ | | 22 F | | 22 S | | 22 Þ | |
| 23 S | Konudagur - upphaf Góu | 23 S | | 23 M | | 23 F | | 23 M | | 23 M | |
| 24 M | Vetrarfrí grunnskóla | 24 M | Sameiginl. m.Breiðó | 24 F | Sumardagurinn fyrs | 24 L | | 24 Þ | | 24 F | |
| 25 Þ | Vetrarfrí grunnskóla | 25 Þ | | 25 F | | 25 S | | 25 M | | 25 F | |
| 26 M | | 26 M | | 26 L | | 26 M | | 26 F | | 26 L | |
| 27 F | | 27 F | | 27 S | | 27 Þ | | 27 F | | 27 S | |
| 28 F | | 28 F | | 28 M | | 28 M | | 28 L | | 28 M | |
| | | 29 L | | 29 Þ | | 29 F | Uppstigningardagu | 29 S | | 29 Þ | |
| | | 30 S | | 30 M | | 30 F | | 30 M | | 30 M | |
| | | 31 M | | | | 31 L | | | | | |

## 11.2 Starfsáætlun 2024 – 2025

## 11.3 Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Hanna Kristín B. Pétursdóttir
Ásta Björg Björgvinsdóttir
Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

## 11.4 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

**Umsögn foreldraráðs:**

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST